63
10. maí

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé, að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ástæðurnar fyrir þessu telur hann tvær. Í fyrsta lagi er það, að svo er ákveðið í 3. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, að um álagning verðlækkunarskatts skuli gilda ákvæði laga um eignar- og tekjuskatt, en fyrr greind lög um dýrtíðarráðstafanir öðluðust ekki gildi fyrr en eftir að liðnir voru framlagningarfrestir samkvæmt 36. gr. skattalaganna frá 1935 og ekki eru tök á að leggja á verðlækkunarskattinn almennt fyrr en nokkrum vikum eftir að hann er lögtekinn. Verður því að breyta skattalögunum frá 1935 að því er tímaákvarðanir og fresti varðar, til þess að verðlækkunarskatturinn verði löglega á lagður.

Í öðru lagi er það, að vegna óvissu um, hvort verulegar breytingar yrðu gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögum á nýafstöðnu Alþingi, hófu undirskattanefndir svo seint starf sitt að því varð víða ekki lokið í tæka tíð.

Ráðherrann hefur einnig tjáð mér, að heppilegast muni vera, að fjármálaráðuneytinu verði gefin heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum svo sem var á fyrra ári.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að framan nefndir skattar verði löglega í lagðir gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatta árið 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1943.*

**Sveinn Björnsson.**
(L. S.)

*Björn Ólafsson.*